



Menntaskólinn í Reykjavík

Kennsluáætlun: Írland: Saga, menning og bókmenntir – ???

Kennarar: Auður Þóra Björgúlfsdóttir og Sigurður Páll Guðbjartsson

Lýsing: Nemendur kynna merkri sögu, menningu og bókmenntum Írlands, meðal annars í gegn um kvikmyndir, leikrit, smásögur, ljóð og skáldsögur. Lesefni í áfanganum er að mestu á ensku. Kennsla og umræður verða að hluta til á ensku. Lögð er áhersla á sjálfstæði nemenda. Farið verður í náms- og menningarferð til Dublin, þar sem nemendur upplifa söguvið námsefnisins frá fyrstu hendi, heimsækja söfn, fara í sögu- og menningargöngur og kynna hinu einstaklega opna og vinalega viðmóti Dyflinnarbúa. **Skylduþátttaka er í ferðina og telst hún sem ein eining.**

Markmið: Að nemendur

- kunni skil á helstu atburðum úr sögu Írlands á 19. og 20. öld.
- þekki samfélagsgerð og nútímamenningu Írlands.
- geti lesið og greint valin bókmenntaverk og tengt þau við menningu og sögu Íra.
- geti tekið þátt í umræðum um þjóðfélagsmál, menningu og sögu Írlands.
- geti tjáð sig á ensku um dagleg málefni
- geti ritað stuttar ritgerðir um bækur sem hann les og gert útdrætti úr lesnu efni.

Kennslugögn:

- Skáldsaga lesin á haustönn, tilkynnt við upphaf haustannar.
- Leikrit lesið á vorönn, tilkynnt á haustönn.
- Smásögur og ljóð sem kennarar munu deila á innu.
- Annað námsefni sem verður deilt á innu.

Námsmat skiptist í árseinkunn og prófseinkunn. Ekki er lokapróf í áfanganum.

Árseinkunn:

- Fréttavakt og kynning á frétt (15%)
- Ýmis minni verkefni (15%)
- Ferðadagbók (15%)
- Ástundun í ferð (20%)
- Vinna og virkni (30%)

Prófseinkunn:

- Kynning og kennsla á bókmenntaverki (15%)
- Grein (20%)
- Próf úr bókmenntaverkum (25%)
- Yfirlitspróf (25%)
- Kynning á stað úr ferð (15%)